

Framfarafélag Flateyjar

Stjórnarfundur 28.01. 2016.

Fundarstaður: Laufrima

Fundur settur kl. 20.30. Mættir eru : SS, DS, HG, SG og KSI

- Bílastæðamál við Stykkishólsmshöfn rædd. Samkvæmt byggingafulltrúa Stykkishólmsbæjar er málið ekki farið af stað innan „bæjarkerfisins“. Stjórn FFF samþykkir að senda Stykkishólmsbæ formlega fyrirspurn um stöðu málsins og fyrirætlanir bæjarins.
- Hátíðarhöld í Flatey rædd, bæði 17. Júní og að vekja gömlu Flateyjar dagana upp aftur helgina eftir verslunarmannahelgi.
- Tillaga lögð fram að efna til hreinsunardags 15. maí nk. (Hvítasunnan) í blússandi stemmningu, t.d. að grilla og hrista fólk saman. Stefnt að því að halda einnig brunaæfingu þá helgi.
- Umræða um heimasíðu FFF. Virkja þarf ritnefnd síðunnar til að setja myndir og efni inn eins og til stóð. Stjórn FFF hefur sett útdrátt úr fundargerðum ársins 2015 inn á síðuna og stefnir á að setja þá inn jafn óðum hér eftir.
- Rætt um smábátahöfn í Flatey. Stjórn FFF telur að ræða þurfi betur val á staðsetningu því að mjög skiptar skoðanir eru um núverandi tillögu.
- Bréf frá Gunnari Sveinssyni lagt fram varðandi 1) skipun lögfræðinefndar í málefnum um stjórnsýslu Flateyjar, 2) hlutverk dreifbýlisnefndar 3) heimasíðu FFF. Stjórn FFF fór yfir drög að svarbréfi sem verður klárað og sent Gunnari á næstu dögum.
- Öryggismál í Flatey rædd. Áhyggjuefni að lyfjakistur, hjartastuðtæki og annar skyndihjálparbúnaður er geymdur á Hótelinu (úr alfara leið) yfir vetrartímann. Stjórn samþykkir að ganga í þetta mál og upplýsa um niðurstöðu á heimasíðu FFF um leið og hún liggur fyrir.
- Samþykkt að setja tilkynningu á heimasíðu þar sem óskað er eftir frambjóðendum í stjórn FFF og tilnefningum til umhverfisverlauna Flateyjar.
- Tekið fyrir svar sveitarstjórnar Reykhólahrepps við ályktun (erindi) stjórnar FFF frá 18. nóv 2015. Stjórn FFF fór yfir drög að svarbréfi og mun afla upplýsinga á næstu dögum til að klára það. Samþykkt tillaga að bjóða fulltrúa úr sveitarstjórn Reykhólahrepps á aðalfund FFF 12. mars nk. og vera með málþing að honum loknum um málefni Flateyjar.
- Áætlað að næsti fundur verði haldinn 10. Feb 2016 kl. 20:00

Fundi slitið kl. 22:25